

90

20. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimild 1. gr. laga nr. 59 7. maí 1946 til sérstakra afskrifta skal einnig ná til eigna af þeirri tegund, sem þar eru taldar og teknar í fyrstu notkun á árunum 1957, 1958 og 1959. Enn fremur skal heimildin gilda um farþega- og vöruflugtaflugvélar, sem teknar verða í fyrstu notkun á árunum 1957—1959. Öll önnur ákvæði framangreindra laga gilda einnig um þessar eignir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 20. desember 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

91

27. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 70. gr. laganna orðist svo:

Áður en kjósanda, sem greiða vill atkvæði utan kjörfundar, eru afhent kjörgögn, skal hann skýra kjörstjóra frá ástæðum til þess, að hann óskar að neyta atkvæðisréttar síns fyrir kjördeg, og gera sem nákvæmasta grein fyrir því, hvar hann muni verða staddur á kjördegi. Skal kjörstjóri færa upplýsingar þessar í bók, sem yfirkjörstjórn löggildir í þessu skyni. — Að þessu loknu fær kjósandi afhent tölusett fylgibréf, með áföstum kjörseðli, og skal hann síðan aðstoðarlaust, í einrómi og án þess að nokkur maður sjái, rita atkvæði sitt á kjörseðilinn á þann hátt, er að framan greinir, loka honum síðan, þannig að það verði innan á, er hann hefur skrifað á seðilinn, og líma hann vandlega aftur.

Aftan við gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Frambjóðendur og umboðsmenn þeirra eða framboðslista skulu hafa aðgang að bók þeirri, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Í stað 1. másl. 76. gr. laganna komi þrír nýir málsliðir, þannig:

Kjörfund skal setja á kjörstað eigi síðar en kl. 12 á hádegi, en í kaupstöðum kl. 10 árdegis. Yfirkjörstjórn í kaupstöðum getur þó ákveðið, að kjörfundur skuli hefjast kl. 9 árdegis. Fullskipuð kjörstjórn skal viðstödd, er kjörfundur er settur.